

vodafone

VOR 2014

Stafrænt
uppeldi

Góð ráð
fyrir foreldra

Tryggðu öryggi
snjallsíma barnsins
með **Vodafone Guardian**



Örugg samskipti fyrir alla



Efnisyfirlit

- 04 Örugg samskipti með Vodafone Guardian
- 06 Heilræði fyrir foreldra
- 08 Rafrænt einelti
- 09 Góð orðræða á netinu
- 10 Öpp og öryggi
- 12 Að bera sig fyrir alþjóð
- 13 Áhyggjulaus farsímaáskrift
- 14 Ný leið til að fylla á frelsið
- 15 Tölvuleikir - virðum aldurstakmörkin
- 16 Nettæling - ráð til foreldra
- 17 Vodafone RED
- 18 Vodafone RED Family
- 19 Öryggi á internetinu
- 20 Ungt fólk stuðlar að jákvæðri netnotkun
- 21 Hvar er barnið þitt á kvöldin?
- 22 Góð samskipti
- 23 Náms efni SAFT
- 24 Það þarf þjóð til að vernda barn
- 25 Hjálparsími Rauða krossins
- 26 Enn meiri þjónusta í Vodafone sjónvarpi

Tækninýjungar á borð við tölvur, internet og snjallsíma hafa gerbreytt lífi okkar til hins betra. Þær efla samskipti, auka framleiðni og gera lífið skemmtilegra. Þessum breytingum fylgja þó skuggahliðar sem okkur ber að hafa í huga, sérstaklega þegar kemur að því að vernda börnin okkar og unglíngana. Þau eru að fóta sig í heimi sem getur stundum verið harður og óhugnanlegur með tækni sem er svo ný af nálinni að foreldrarnir kunna stundum minna á hana en börnin.

Við þessar aðstæður ber okkur öllum að vera á varðbergi. Við eigum að aðstoða börnin okkar við að nota tæknina á skynsamlegan máta, lágmarka hættuna á að þau fái aðgang að óæskilegu efni og tryggja að utanaðkomandi aðilar geti ekki nýtt sér tæknina til að valda þeim skaða.

Vodafone vill leggja sitt af mörkum til að aðstoða foreldra við þetta verkefni. Þess vegna höfum við tekið höndum saman með samtökunum Heimili og skóli og SAFT við að safna saman mikilvægum ráðum til að tryggja örugg og góð samskipti.

Við höfum líka sett á markaðinn íslenska útgáfu snjallsímaforritsins Vodafone Guardian fyrir Android síma, sem gerir foreldrum kleift að setja reglur um snjallsímanotkun barna sinna. Með Vodafone Guardian má skilyrða notkun þannig að hún sé innan skynsamlegra marka, loka á að utanaðkomandi aðilar séu í sambandi við barnið og margt fleira sem eykur öryggi snjallsímanotkunarinnar. Vodafone Guardian er í boði fyrir alla Íslendinga og við bindum miklar vonir við að appið nýtist foreldrum vel til að aðstoða börn sín við að stíga fyrstu skrefin í að nýta sér snjallsímatæknina.

Þótt hættunar leynist víða megum við þó ekki gleyma því að í langflestum tilvikum bæta nýjungarnar lífið og auðvelda okkur að eiga í góðum samskiptum. Með réttu tólunum, ábyrgri hegðun og skynsamlegu uppeldi getur okkur tekist í sameiningu að hjálpa ungu kynslóðinni að nýta sér kosti tækninýjunganna og forðast hættunar.

Ómar Svavarsson
forstjóri Vodafone



Börn þarfnast líka foreldra sinna á netinu

Börnin okkar lifa á spennandi tímum samfélagsmiðla, snjalltækja og tölvuleikja. Tækninýjungarnar geta samt verið varasamar og þau þurfa leiðsögn foreldra. Setjum okkur inn í stafrænt líf barna og unglinga og tölum við þau um örugg samskipti.

Þú finnur góð ráð og leiðir á Vodafone.is

Vodafone

Góð samskipti bæta lífið



Svona tryggir þú...

örugg samskipti barnsins þíns með Vodafone Guardian

Vodafone Guardian snjallsímaforritið er hannað til að hjálpa foreldrum við að tryggja að börn geti notað snjallsíma á skynsamlegan hátt og koma um leið í veg fyrir að óæskilegir aðilar geti náð sambandi við börnin. Þannig má t.d. lágmarka hættuna á að síminn sé notaður til áreitiss.

Vodafone Guardian er app fyrir Android-snjallsíma og er aðgengilegt öllum Íslendingum án endurgjalds í boði Vodafone. Það er einfalt í notkun og fæst á íslensku í símunum sem styðja tungumálið.

Með Vodafone Guardian getur þú meðal annars:

- ⊗ Stíllt á hvaða tíma dags má nota símann.
- ⊗ Stíllt hverjir mega hringja í barnið og í hverja það getur hringt.
- ⊗ Stíllt hvenær barnið getur nettengst í símanum eða lokað alveg á tenginguna.
- ⊗ Stíllt hvaða öpp barnið getur notað og hvenær má nota þau.
- ⊗ Stíllt hvenær má nota ákveðna eiginleika símans eins og t.d. myndavélina.



Meiri kennsla með myndskaiðum!

Kynntu þér Vodafone Guardian leiðbeiningamyndböndin á www.vodafone.is/guardian þar sem við förum yfir alla helstu eiginleika og stillingar forritsins.

Skref 1

Stílltu símanúmer foreldris

Farðu á www.vodafone.is/guardian til að finna appið. Þegar það er komið í síma barnsins skaltu smella á það og hefja uppsetningu. Eftir að hafa samþykkt skilmála er þér boðið að sækja Guardian Protector, sem vinnur með Vodafone Guardian og lætur vita með SMS-skilaboðum þegar Vodafone Guardian hættir að virka á síma barnsins. Settu það upp með sama hætti og Vodafone Guardian og smelltu svo á „til baka“-hnappinn efst í vinstra horninu. Þar smellir þú á „Næsta“ og slærð inn símanúmer forráðamanns.



Skref 2

Veldu lykilorð

Hér býrð þú til lykilorð sem þú svo notar til að nálgast stillingar Vodafone Guardian. Ekki er hægt að breyta neinum stillingum á appinu án þessa lykilorðs. Veldu lykilorð sem barnið þekkir ekki, því ef það veit lykilorðið getur það sjálf breytt öllum stillingum Vodafone Guardian.



Skref 3

Stilltu SMS Hjálparann

Hér stillir þú SMS Hjálparann, en með honum getur barn neitað að taka á móti skilaboðum sem það telur líklegt að séu óviðeigandi af einhverjum orsökum. Ef kveikt er á SMS hjálparanum birtist valmöguleiki við hlið allra SMS-skilaboða sem barnið getur notað ef það vill losna við skilaboðin úr innhólfinu. Skilaboðin er þó hægt að nálgast inni í appinu.



Skref 4

Stilltu Vodafone Guardian eftir þínu höfði

Með Vodafone Guardian ræður þú alfarið hversu þröngar skorður þú setur snjallsímanotkun barnsins. Með appinu getur þú t.d. komið í veg fyrir alla notkun nema símtöl til nánustu ættingja, sem hentar vel yngstu snjallsímanotendunum eða einungis lokað á einstök öpp eins og t.d. Snapchat ef þú telur það nægilega vörn fyrir barnið eða unglinginn.

Möguleikarnir eru margir og við hvetjum þig til að prófa þig áfram með stillingarnar og mundu eftir leiðbeiningamyndböndunum á www.vodafone.is/guardian.



Heilræði fyrir foreldra

Það er mismunandi hvernig börn og unglingar nota netið. Það veltur t.d. á því hversu þroskuð þau eru, hvernig foreldrar þeirra umgangast tæknina og hvaða tæki eru aðgengileg heima, í skólanum eða hjá vinum.

Öryggisráð allir aldurshópar

Hafið í huga hvernig þið hagið heimilislífinu almennt og beitið sömu aðferð í hinum stafræna heimi. Ekki vera hrædd um að setja börnum skýr mörk og reglur strax frá unga aldri.

Prófið ykkur áfram með þær tækninýjungar sem börnin ykkar nota. Spilið við þau í leikjatölvunni, skráið ykkur á helstu samfélagsvefina og prófið vinsælustu öppin.

Ræðið við fjölskyldu, vini og aðra foreldra um hvaða aðferðum þau beita til að hjálpa sínum börnum að fóta sig í stafrænum heimi – þannig fást ábyggilega mörg góð ráð.

Nýtið ykkur tól sem eru hönnuð til að vernda börn, hvort sem það er á tölvum, spjaldtölvum eða leikjatölvum. Skoðið persónuverndarvalkosti á samfélagsmiðlum og öryggisstillingar á YouTube, Google og öðrum leitarvélum.

Reynið að nota tæknina ekki í of miklum mæli sem barnapíu. Við gerum það auðvitað flest öðru hvoru, en það er mikilvægt að gera það í hófi og vita ávallt hvað barnið aðhefst.

Gerið tæknimál að hluta af daglegu spjalli. Sýnið barninu að þið skiljið hversu mikilvæg og spennandi tæknin er fyrir það, en ekki forðast að tala um erfiðari mál á borð við ábyrga hegðun á netinu, einelti með aðstoð tækninnar og klámfengið efni.

Öryggisráð yngri en 5 ára

Byrjið strax að setja reglur – það er t.d. aldrei of snemmt að setja reglur um hversu miklum tíma megi verja við tölvuna á hverjum degi.

Hafið viðkvæm tæki á borð við snjallsíma þar sem börn ná ekki til þeirra og notið lykilorð til að verja símana ef þau komast óvart í þá.

Kynnið ykkur aldurstakmarkanir og lýsingar á öppum, leikjum og myndskeiðum af netinu áður en þið veitið barninu aðgang að efninu.

Útskýrið tæknireglurnar fyrir þeim sem passa barnið svo þau geti einnig framfylgt þeim.

Hafið í huga að þráðlaus net á opinberum stöðum (t.d. kaffihúsum) eru mögulega ekki með tölum til að vernda börn fyrir óæskilegu efni. Þannig að ef þið látið barnið fá iPad sem tengdur er slíku neti gæti það komist í efni sem lokað er á heimafyrir.

Stillið opunarsíðu vafrans á heimilistölvunni eða spjaldtölvunni á vefsíðu sem þið vitið að er ávallt örugg fyrir börnin.



Það getur verið hjálplegt að skipta ráðleggingum um örugg stafræn samskipti eftir aldri. Við tókum því saman nokkur lykilatriði sem gott er fyrir foreldra að hafa í huga við að hjálpa börnum sínum og unglingum við að fóta sig í stafrænum heimi.

Höfum í huga að ráðleggingar á borð við þessar eru aldrei tæmandi – tækniheimurinn er of fjölbreyttur og breytist of hratt til að hægt sé að fullyrða slíkt. En þetta er þó góð byrjun sem við vonumst til að hjálpi þér og þinni fjölskyldu.

Öryggisráð 6 til 9 ára

Búið til sérstakan notendareikning fyrir barnið ykkar á heimilistölvunni sem þið getið stillt í samræmi við þroska barnsins. Nýtið ykkur hugbúnað stýrikerfisins til að tryggja örugga notkun barna (Parental Control) og töl á borð við Google SafeSearch.

Ákveðið hvaða vefsíður barnið má heimsækja og hvaða persónulegu upplýsingar það má ekki gefa upp á netinu (t.d. heimilisfang eða í hvaða skóla þau eru).

Ákveðið tímamörk á því hversu lengi má nota netið eða leikjätölvur á hverjum degi.

Hafið í huga að oft gætu eldri systkin sýnt börnum á þessum aldri efni á netinu, leikjätölvum eða öðrum tækjum og gerið þau því einnig meðvituð um hvað sé leyfilegt að sýna börnum á þessum aldri.

Ræðið við aðra foreldra um á hvaða aldri sé heppilegt fyrir börn að fá sinn fyrsta farsíma. Látið barnið ekki ráða ferðinni ef ykkur finnst það ekki nógu gamalt eða þroskað til að nýta sér einhverja tækni – sama hversu mikið það suðar.

Kynnið ykkur aldurstakmörk og lýsingu á leikjum, sjónvarpsefni, kvikmyndum og öppum þannig að þið séuð viss um að barnið fái einungis aðgang að efni sem hæfir aldri þess.

Öryggisráð 10 til 12 ára

Setjið skýrar reglur um notkun áður en barnið fær fyrsta farsímann eða leikjätölvuna. Það er erfiðara að breyta notkunarmynstrinu eftir á.

Minnið barnið á að hafa síma og önnur tæki sem minnst uppi við þegar þau eru á ferðinni til að lágmarka hættu á þjófnaði.

Talið við barnið um hvaða efni þau birta og deila á netinu. Það sem þau skrifa á netið og sýna á myndum og í myndskeldum verður hluti af „stafrænum persónuleika“ þeirra og allt eins líklegt að það verði aðgengilegt hverjum sem er um alla framtíð.

Ræðið það sem barnið les og finnur á netinu. Á þessum aldri gæti það verið farið að leita að upplýsingum um breytingar á líkama sínum og velta fyrir sér samskiptum kynjanna svo dæmi sé tekið.

Ekki ganga gegn reglum samfélagsmiðla á borð við Facebook og YouTube sem leyfa ekki skráningar barna undir 13 ára aldri. Ræðið við aðra foreldra og skólafyrirvöld til að tryggja að allir séu á sömu blaðsíðu.

Minnið börnin á að þau ættu ekki að gera eða segja neitt á netinu sem þau myndu ekki gera augliti til auglitis.

Öryggisráð 13 ára og eldri

Ekki halda að það sé of seint að setja reglur eða kenna unglingnum eitthvað um tækni – hann heldur kannski að hann viti allt um þessa hluti en þarfnast engu að síður enn leiðsagnar frá þeim sem þroskaðri eru.

Ræðið við unglinginn um hvernig best sé að leita að upplýsingum um málefni tengd heilsu, þroska og sjálfsmynd á netinu. Hætta er á að unglingar finni villandi eða óheilbrigðar upplýsingar á netinu á viðkvæmum tímupunkti í þroskaferli sínu.

Ræðið hvernig unglingurinn hagar samskiptum sínum við aðra og hvað hann sendir frá sér á netinu. Forðist ekki erfið umræðuefni á borð við klám og áhættusama hegðun á borð við að taka klámfengnar myndir og senda þær til annarra.

Veitið unglingnum fjárráð til að kaupa stafrænar vörur á borð við öpp og tónlist, en hafið skýrar reglur til að tryggja að ekki sé eytt um efni fram.

Stillið efnissíur og netöryggishugbúnað þannig að hann sé í takt við aldur og þroska unglingsins. Ef unglingurinn biður um að slökkt sé alfarið á slíkum búnaði skuluð þið hugsa málið vandlega og í það minnsta koma ykkur saman um það fyrirfram hvað sé ásættanleg hegðun unglingsins á netinu.

GREIN

Björn Rúnar
Egilsson



verkefnastjóri Heimilis og
skóla og SAFT.

„Því miður nota sumir netið til þess að klekkja á öðrum hvort sem það stafar af kunnáttu- eða reynsluleysi í mannlegum samskiptum eða einbeittum brotavilja.“

Rafrænt einelti meðal barna og ungmenna

Rafrænt einelti er ein af þeim hættum sem steðja að börnum og ungmönnum á netinu í dag. Skilningur á eðli þess og birtingarmyndum hefur aukist á undanförunum árum og víðtæk sátt virðist hafa myndast í samfélaginu um að einelti í hvaða mynd sem það finnst sé óásættanlegt ofbeldi sem ekki eigi að líðast. Árvekin gagnvart birtingarmyndum þess hefur einnig vaxið; fleiri gera sér grein fyrir að ljótar skeytasendingar, illkvittin ummæli á samfélagsmiðlum og niðrandi myndbirtingar eigi ekki að láta afskiptalaust.

Það sem er hins vegar á færra vitorði er að gerendum í rafrænum eineltismálum eru fjölbreyttur hópur. Nútíma upplýsingatækni veitir okkur öllum fordæmalaus tækifæri til samskipta og tjáningar og í leiðinni verkfæri sem geta valdið miklum skaða ef farið er óvarlega með þau. Því miður nota sumir netið til þess að klekkja á öðrum hvort sem það stafar af kunnáttu- eða reynsluleysi í mannlegum samskiptum eða einbeittum brotavilja.

Fjölbreyttir flokkar gerenda

Gerendum í rafrænum eineltismálum er stundum skipað í flokka á borð við hefnigjarni engillinn, hefnigjarni nördinn og vondu stelpurnar og er þar vísað til krakka sem út á við eru ábyrg í hegðun en skortir hana á netinu, börn sem eiga á einhvern hátt undir högg að sækja í skólanum en nota netið til að slá frá sér eða þá stúlkur sem oft á tíðum geta sýnt af sér mikla grimmd með athugasemdum. Meira að segja er talað um af því „ég

get gerandann“ eða „óvart gerandann“ og er þar átt við börn sem ýmist særa aðra einungis af því þau fá tækifæri til þess eða taka óafvitandi þátt í því að niðurlægja með því að taka þátt í gríninu – áframsenda eða deila efni sem er niðurlægjandi fyrir þann sem á í hlut.

Grín er ekki afsökun

Orðið grín er gjarnan notað eins og Þú kemst frítt út úr fangelsi spjaldið af gerendum í rafrænum eineltismálum, en það er mikilvægt að taka skýrt fram þeir sem njóta þess að vera niðurlægðir á netinu eru vandfundnir. Auk þess verðum við öll að hafa í huga að það getur reynst ansi snúið að greina kaldhæðni, góðlátlegt eða hvasst grín frá alvöru þegar samskipti á netinu eru annars vegar vegna þess að okkur skortir þá nánd sem bein samskipti veita til að lesa í aðstæður. Af þeim sökum þurfa allir að hugsa sig um áður en þeir ýta á hnappinn; ef grínið er vafasamt er betra að sleppa því.

Í þessum efnum þurfum við foreldrar að vera til staðar og vera góðar fyrirmyndir. Veitum börnum okkar leiðsögn á netinu. Temjum þeim að koma fram af virðingu og nærgætni við samferðafólk sitt og stuðlum þannig að bættum netsiðum okkur öllum til heilla.



GREIN
Sólveig
Karlsdóttir

Verkefnastjóri Heimilis
og skóla



Ekkert hatur

– um góða orðræðu á netinu

„Mikilvægt er að temja sér gott orðfæri á netinu sem og annars staðar og hafa í huga að orð eru til alls fyrst og þeim fylgir ábyrgð.“

Öll höfum við rétt til þess að tjá okkur bæði í ræðu og riti. Netíð býður upp á marga möguleika til að deila skoðunum og eiga samskipti. Þetta gerum við á vettvangi sem hefur engar landfræðilegar takmarkanir og er opinn öllum sem hafa aðgang að netinu. Oft sjáum við athugasemdir við ýmsar fréttir á vefmiðlum þar sem fólk lætur í ljós skoðanir sínar sem eiga það til að vera niðrandi, óréttlátar, dónalegar og sumar þeirra teljast hreinlega til hatursáróðurs.

Hatursáróður getur verið skaðlegur

Með hatursáróðri er átt við illgjarnan áróður sem beint er að einstaklingum eða hópi fólks og er á einhvern hátt óréttlátur, yfirþyrmandi, dómharður og jafnvel skaðlegur. Umræðan um hatursáróður á netinu er mikilvæg, sérstaklega þar sem samfélagið sem við búum í verður sífellt fjölbreyttara hvað trúarbrögð, uppruna og kynhneigð varðar. Oftar en ekki beinist hatursáróður að minnihlutahópum eins og innflytjendum, trúarhópum, samkynhneigðum og öðrum sem á einhvern hátt skera sig úr.

Orðum fylgir ábyrgð

Línan á milli hatursáróðurs og tjáningarfrelsis er hárfín. Sérfræðingar vilja meina að hatursáróður á netinu fari vaxandi þar sem möguleikarnir til að dreifa honum verða sífellt fleiri, m.a. á samfélagsmiðlum, blogg- og spjallsíðum og spjallsvæðum tölvuleikja. Oft er erfitt að koma í veg fyrir áróður af þessu tagi þar sem umræðan á sér stað innan lokaðra hópa. Mikilvægt er að temja sér gott orðfæri á netinu sem og annars staðar og hafa í huga að orð eru til alls fyrst og þeim fylgir ábyrgð. Óvönduð orðræða getur valdið skaða og þjáningu og í sumum tilfellum varðar hún við lög. Hugsum áður en við sendum!

Vodafone er stoltur stuðningsaðili „Ekkert hatur“ verkefnisins sem SAFT stendur að. Markmið þess er að draga úr hatursorðræðu á internetinu.

**EKKERT
HATUR**

- ORÐUM FYLGIR ÁBYRGÐ

Öpp og öryggi

Leyfum unga fólkinu að nýta kosti snjallsímanna en tryggjum jafnframt örugga notkun

Öryggisráð snjallsímans

1. Hvertu barnið til að passa símann sinn rétt eins og önnur verðmæti á borð við tösku eða veski.
2. Sýndu barninu hvernig það stillir skjálæsingu símans og getur varið hann með lykilorði.
3. Bentu því á að nota ekki mynstur til að aflæsa (þegar fingurinn er strokið yfir símann eftir ákveðnu mynstri til að aflæsa símanum) þar sem fita af fingrunum getur skilið eftir augljóst merki um hvert mynstrið er.
4. Settu upp þjónustu sem getur læst og hreinsað gögn af símanum ef hann týnist eða honum er stolið. Framleiðendur helstu snjallsímastýrikerfa bjóða allir upp á slíka þjónustu (Android Device Manager fyrir Android, Find My iPhone hjá Apple og Find My Phone á Windows Phone 7).
5. Útskýrðu að það sé mikilvægt að sækja eingöngu öpp í gegnum viðurkenndar app-verslanir þar sem öpp sem sótt eru eftir öðrum leiðum geta verið sýkt af veirum eða opnað bakdyr á símunum.
6. Ráðleggðu þeim að slökkva á eða takmarka möguleikann á að aðrir geti „séð“ símann þeirra gegnum Bluetooth eða WiFi.
7. Skráðu IMEI-númer símans (ýttu á *#06# eða leitaðu að því undir rafhlöðu símans). Ef símanum er stolið verður þú að hafa IMEI númerið til að geta kært málið til lögreglu.
8. Endurstilltu símann á verksmiðjustillingu (Factory reset) til að hreinsa út allar upplýsingar og gagnareikninga barnsins ef það selur símann eða gefur hann.
9. Farðu varlega ef þú færð ódýran síma frá vafasömum seljanda í hendur. Slíkir símar gætu verið með uppsett forrit sem eru sérhönnuð til að stela gögnum og senda til óþrúttinna aðila.
10. Útskýrðu að með því að breyta símanum á einhvern hátt (oft kallað „jail breaking“) er hægt að skemma hann og opna leið fyrir sýkt forrit inn á símann. Að auki ógildir það ábyrgð símans.

Við lifum á spennandi tímum. Farsímar eru ekki lengur bara notaðir til að hringja og senda SMS - þeir eru orðnir nettengdar tölvur með endalausum möguleikum. Snjallsímarnir hafa nú þegar komið í stað bóka, landakorta, myndavéla, dagbóka og tónlistarspilara og munu á næstu árum taka til viðbótar að sér hlutverk seðlaveskis og lykla svo eitthvað sé nefnt. Símarnir verða jafnframt stöðugt öflugri, ódýrari og betur nettengdir.

Einn mikilvægasti þátturinn í að gera snjallsímana jafn fjölhæfa og raun ber vitni eru „öppin“ – forritin sem notuð eru í símunum. Öppin eru orðin ótrúlega mörg – fjöldi iPhone og iPad appa var kominn yfir 900.000 í sumar og þá er ótalinn fjöldi appa fyrir önnur stýrikerfi. Öppin geta verið allt frá tölvuleikjum yfir í öpp sem hjálpa til við vinnuna, líkamsræktina, félagslífið og svo mætti lengi telja.

Öppin fást í gegnum „verslun“ í snjallsímanum, en hvert stýrikerfi hefur sína eigin verslun. iPhone-símar sækja öpp í App Store, Android-símar nota Play Store og Windows-símar nota Windows Phone Store. Öppin eru ýmist ókeypis eða greiða þarf fyrir þau, jafnan upphæð á bilinu 100 til 1.000 kr. Til að kaupa öpp þarf oftast að skrá greiðslukort í viðkomandi verslun, sem síðan er gjaldfært á þegar öpp eru keypt. Sum ókeypis öpp bjóða síðan upp á ýmsa þjónustu sem hægt er að kaupa í appinu sjálfu. Slíkt er t.d. algengt í tölvuleikjum sem bjóða uppfærslur, ný borð eða aðrar stafrænar vörur sem nýttast í leiknum og eru keyptar eru í gegnum viðkomandi app-verslun og er þá gjaldfært á greiðslukortið.

Nú er svo komið að fjölmargir treysta snjallsímanum sínum fyrir miklu magni persónulegra gagna, t.d. tölvupósti, myndum, vídeóum, tónlist og svo mætti lengi telja. Öryggi þessara gagna skiptir okkur öll miklu máli.





Snjallsímanotendur geta gert ýmislegt til að verja tækin sín gegn veirum og tryggja að þau glatist ekki týnist síminn, hann skemmist eða sé honum stolið. Ávallt ætti að verja símann með lykilorði og nota öpp sem taka öryggisafrit af myndum eða öðrum mikilvægum gögnum sem geymd eru á símanum. Eins er til ýmis þjónusta sem hjálpa notendum við að finna týnda síma, læsa þeim eða hreinsa út öll gögn til að koma í veg fyrir að þau lendi í röngum höndum.

Unga fólkið og öppin

Þegar stór hluti ungmenna er kominn með snjallsíma er ekki nema von að margir foreldrar hafi áhyggjur af notkun þeirra á snjallsímaöppum. Þótt vissulega séu til mörg nytsamleg og fróðleg öpp eru sum þeirra engan veginn við hæfi ungs fólks. Þar að auki gætu börnin þurft að borga fyrir sum öpp eða þjónustu innan appanna. Reglulega koma upp fréttir af börnum sem steypa foreldrum sínum í skuldir með því að panta alls kyns þjónustu í tölvuleikjum án þess að átta sig á því að um raunverulega peninga sé að ræða.

Við viljum að sjálfsögðu að börnin okkar geti notið þeirra kosta sem snjallsímarnir hafa upp á að bjóða. Um leið er mikilvægt að tryggja að þau komist ekki í tæri við óviðeigandi efni, stofni til skulda eða deili of miklum upplýsingum um sig til óviðkomandi. Til að hjálpa foreldrum að koma í veg fyrir slíkt höfum við tekið saman nokkra punkta sem nýttast þeim sem vilja auðvelda börnum og unglíngum fyrstu skrefin í snjallsímaæðingunni.

Taktu stjórnina

1. Skoðaðu öppin sem barnið þitt er með á snjallsímanum sínum til að meta hvort þau hæfi þroska barnsins.
2. Skoðaðu aldurstakmörk og efnislýsingu þeirra appa sem barnið er með á símanum, en prófaðu líka sjálfst appið, því það er ekki alltaf hægt að treysta lýsingunni.
3. Ræddu við barnið um kostnaðinn sem fylgir því að kaupa öpp og settu reglur um slíkt, helst áður en fyrsti snjallsíminn er keyptur. Ræddu hvernig barnið hyggist greiða fyrir öpp og útskýrðu mögulegan aukakostnað sem getur falist í gagnaniðurhali eða kaupum í gegnum appið.
4. Hafðu í huga að börn, sérstaklega þau yngstu, eiga e.t.v. erfitt með að skilja að á bak við rafrænar greiðslur sem notaðar eru við kaup í gegnum forrit séu raunverulegir fjármunir.
5. Læstu app-versluninni með lykilorði í síma barnsins ef þú vilt ekki að það kaupir öpp eða aðra stafræna þjónustu.
6. Læstu þínum eigin síma og spjaldtölvu með lykilorði og hafðu einnig lykilorðavörn á app-versluninni til að hafa stjórn á því hvenær barnið notar þín tæki og tryggja að það kaupir ekki öpp eða þjónustu þegar það fær að leika í símanum eða tölvunni.
7. Hvettu barnið til að velta fyrir sér hvaða persónulegu upplýsingar öppin í símanum hafa um barnið og hvernig þær séu mögulega notaðar.
8. Fylgstu með kaupum barnsins í app-versluninni með því að fá allar kvittanir sendar á þitt netfang.
9. Kaupu gjafakort í app-versluninni fyrir síma barnsins frekar en að leggja inn greiðslukortanúmerið þitt. Þannig veit barnið hversu mikinn pening það hefur milli handanna.
10. Nýttu appið Vodafone Guardian til að stýra hvaða snjallsímaöpp er leyfilegt að nota í síma barnsins.

GREIN

Björn Rúnar Egilsson

Verkefnastjóri Heimilis og skóla og SAFT



„Í hinum rafræna heimi er auðvelt að gera afrit af myndum, bjaga þær og deila áfram og því sem á annað borð fer á netið getur reynst ómögulegt að ná þaðan aftur.“



Að bera sig fyrir alþjóð

Umræða um fyrribærið „sexting“ hefur verið fyrirferðarmikil bæði í fjölmiðlum og samfélagsmiðlum að undanförunu en þetta enska heiti lýsir því þegar myndefni sem sýnir nekt eða kynferðislegar athafnir er framleitt með snjallsíma og því deilt yfir netið. Í dag þykir mörgum börnum og ungmennum fátt sjálfsgöðara en að skrásetja líf sitt í miklum smáatriðum í máli og myndum á netinu og þegar unglingsárin færast yfir er hægt að uppgötva kynferði sitt og kanna og tjá nýjar langanir með hjálp tækninnar á hátt sem var eldri kynslóðum ómögulegur. En rétt eins og með margar tækninýjungar á tímum hraðrar framþróunar gefur fólk sér ekki alltaf tíma til að staldra við og íhuga hvernig best væri að umgangast þau tæki og tól sem við fáum upp í hendurnar. Ungmenni hugsa sum hver sig ekki um áður en þau deila viðkvæmu efni; mynd sem ætluð er einni manneskju getur hæglega orðið opinber.

Alvarlegar afleiðingar

Það hefur færst í vöxt að krakkar sendi djörf skilaboð sín á milli; myndir eða myndskreið sem sýna nekt (stundum ákveðna líkamshluta þar sem nafn

viðtakanda hefur verið skrifað) í þeim tilgangi að daðra, monta sig, sýna staðfestu í sambandi eða jafnvel einungis upp á grínið. Í öðrum tilvikum eru börn annað hvort nörruð eða beitt þrýstingi af jafnöldrum sínum eða öðrum til þess að bera sig og mynda sem síðan er dreift í nærsamfélaginu án þeirrar vitundar eða samþykkis. Þannig geta börn á örkotsstundu orðið að fórnarlambi eineltis og opinberrar niðurlægingar sem leitt getur til örvæntingar, sjálfskaða og sjálfsvíga í verstu tilfellunum.

Mistökinn verða ekki aftur tekin

Nýlega hefur svona mál komið upp hér á landi í tengslum við snjallsímaforritið Snapchat, en það gerir notendum kleift að senda myndir eða myndskreið til ákveðins viðtakanda sem síðan eyðist sjálfkrafa innan nokkurra sekúndna. Margir standa í þeirri trú að með forritinu sé fundin örugg leið til að senda viðkvæmt myndefni en sú öryggisfinning hefur reynst fölsk eins og dæmin sanna. Í hinum rafræna heimi er auðvelt að gera afrit af myndum, bjaga þær og deila áfram og því sem á annað borð fer á netið getur reynst ómögulegt að ná þaðan aftur. Ungmenni sem taka

nektarmyndir af sér taka því mikla áhættu þar sem þeim gæti verið deilt áfram með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Þessi mál þurfum við að ræða við börnin okkar og byrja snemma. Við þurfum að kenna þeim að bera virðingu fyrir og standa með sjálfum sér og hjálpa þeim að standast óeðlilegan þrýsting. Saman þurfum við að ákveða hvað eigi heima á netinu og hvað ekki og hafa það í huga að netið gleymir seint.



Áhyggjulaus áskrift

með aðstoð Vodafone Guardian

Með Vodafone Guardian appinu er ekki einungis hægt að koma í veg fyrir að barnið nálgist óæskilegt efni eða verði fyrir áreiti gegnum símann – heldur getur appið líka nýst til að tryggja áhyggjulausa farsímaáskrift.

Með því er átt við að með réttum stillingum í Vodafone Guardian getur barnið verið með farsímaáskrift og hringt fyrir 0 kr. innan fjölskyldu og um leið verið öruggt um að símrækingurinn haldist innan skynsamlegra marka.

Kosturinn við að barnið sé með áskrift í stað frelsis er að með farsímaáskriftinni fylgir Öryggisnet fjölskyldunnar, sem tryggir að ef innifaldar mínútur í áskriftinni klárast er hringt fyrir 0 kr. á mínútu innan fjölskyldunnar. Þannig þarf ekki að hafa áhyggjur af því að inneignin klárast eins og getur komið fyrir hjá þeim sem eru með frelsi – barnið getur alltaf hringt í foreldra eða systkini án aukakostnaðar.

Farsímaáskrift virkar venjulega þannig að ef innifaldar mínútur klárast tekur við hefðbundin gjaldskrá og þannig geta símrækingar verið mismunandi eftir notkun. Með Vodafone Guardian er hægt að koma í veg fyrir þetta. Tvennt þarf til, annars vegar að símanúmer þeirra sem hringt er í séu með sama lögheimili og barnið og hins vegar að númerin séu hjá Vodafone. Forráðamaður getur með Vodafone Guardian leyft eingöngu símtöl í númer innan fjölskyldunnar og þannig takmarkað símtöl sem gjaldfært er fyrir. Að sjálfsgöðu er forráðamanni í sjálfvald sett að bæta öðrum númerum við leyfileg númer.

Hjá Vodafone virkar farsímaáskrift þannig að keyptur er pakki með inniföldum mínútum, t.d. Vodafone 20 eða Vodafone 100. Ef innifaldar mínútur klárast er greitt fyrir símtöl utan fjölskyldunnar samkvæmt gjaldskrá okkar.



Svona setur þú upp áhyggjulausa áskrift

1. Gakktu úr skugga um að símanúmer fjölskyldumeðlima með sama lögheimili séu hjá Vodafone.
2. Útvegaðu barninu Android-síma.
3. Pantaðu Vodafone farsímaáskrift fyrir barnið.
4. Settu Vodafone Guardian upp á símanum (sjá bls. 4 og 5).
5. Stilltu Guardian þannig að einungis sé hægt að hringja í símanúmer fjölskyldumeðlima með sama lögheimili. Slökktu á netnotkun til að koma í veg fyrir að aukakostnaður myndist vegna netnotkunar.

Athugið að ekki er hægt að koma í veg fyrir SMS-sendingar úr símanum með Vodafone Guardian. Því mun viðbótarkostnaður myndast ef barnið sendir fleiri SMS í mánuði en innifalinn er í farsímaáskriftinni.



Enn einfaldara að fylla á frelsið

Nú hafa viðskiptavinir Vodafone með farsíma í frelsi fengið enn einn möguleikann til að fylla á frelsið. Með því að hringja í 1414 og velja 0 eftir að svarað hefur verið leiðir símsvari viðskiptavinninn í gegnum einfalt áfyllingarferli. Þar með þarf ekki að bíða eftir þjónustufulltrúa séu allar línur uppteknar og þar að auki má nota þessa áfyllingarleið allan sólarhringinn, óháð opnunartíma 1414.

Til að nýta þessa áfyllingarleið þarf að hafa kredit- eða debetkort við höndina þegar hringt er. Bæði er hægt að panta áfyllingu á það númer sem hringt er úr eða panta áfyllingu fyrir annað númer. Að auki má nota þjónustuna til að panta áfyllingu á netfrelsi fyrir 4G og 3G.

Að sjálfsgöðu verður áfram hægt að nota allar aðrar aðferðir til að fylla á frelsið, hvort sem það er á netinu á vodafone.is eða rautt.is, í gegnum 1414 appið, með hraðáfyllingu eða sjálfvirkri áfyllingu eða í gegnum heimabankann. Þjónustufulltrúar Vodafone eru þar að auki að sjálfsgöðu ávallt boðnir og búnir til að aðstoða í síma 1414 eða á netspjallinu á Vodafone.is.



ÍSLENSKT MÍNÚTUVERÐ
Í EVRÓPU



FYRIR MÓTTEKIN SÍMTÖL



AÐEINS 690 KR
DAGGJALD
SVO MÍNÚTUVERÐIÐ HEIMA



UM 95% LÆKKUN
Á KOSTNAÐI VIÐ
15 MB NOTKUN



SENDU SMS-ÍÐ „EURO“ Í 1414
ÞÚ FÆRÐ SMS ÞEGAR ÞJÓNUSTAN ER ORÐIN VIRK

Vodafone EuroTraveller

Betri kjör á ferðalögum til Evrópu

Vodafone
Góð samskipti bæta lífið

Tölvuleikir: Virðum aldurstakmörkin



GREIN
SAFT



„Leikur á að vera skemmtilegur en á ekki að vekja ótta né fylla óþroskaðan barnshuga af ofbeldi...“

Tölvuleikir eru hluti af tölvu- og tækniheimi nútímans. Þeir eru vinsæl afþreying og mjög oft eru fyrstu kynni barna af tölvum í gegnum tölvuleiki. Á tölvuleikjamerkaðnum er fjölbreytt úrval leikja og innihald þeirra er mjög mismunandi. Stór hluti tölvuleikja er til að mynda alls ekki ætlaður börnum. Það er því mikilvægt að forráðamenn barns kynni sér þá leiki sem barnið leikur og sjái til þess að þeir hæfi þroska barnsins. Leikur á að vera skemmtilegur en á ekki að vekja ótta né fylla óþroskaðan barnshuga af ofbeldi eða öðrum hugsunum sem geta vakið vanlíðan eða komið inn ranghugmyndum.

Ítarlegt flokkunarkerfi

Allir nýir tölvuleikir bera merki aldursflokkunarkerfisins Pan European Games Information (PEGI), en það er samevrópskt flokkunarkerfi sem setur aldursmörk fyrir gagnvirka leiki. Kerfinu

er ætlað að tryggja að ólöggráða börn fari ekki í leiki sem eru ekki við hæfi þeirra aldurshóps. Kerfið nýtur stuðnings framleiðenda á leikjatölvum, þar á meðal PlayStation, Xbox, og Nintendo, sem og útgefenda og þróunaraðila gagnvirkra leikja um alla Evrópu.

Flokkunarkerfið byggir á tveimur aðskildum en samverkandi þáttum: Aldursflokkun og efnisvísun. Aldurshópar PEGI eru 3+, 7+, 12+, 16+ og 18+. Þeir gefa til kynna hvort efnislegt innihald leiksins sé skaðlegt börnum. Efnisvísar eru myndtákn aftan á hulstri leiksins sem lýsa innihaldi hans. Fjöldi efnisvísa getur verið allt upp í átta. Innihald leiksins er í samræmi við aldursflokkun hans. Saman gera aldursflokkunin og efnisvísarnir foreldrum og öðrum sem kaupa leiki handa börnum kleift að tryggja að leikurinn hæfi aldri barnanna. PEGI flokkunarkerfið segir ekki til um erfiðleikastig leikjanna. Leikur sem

flokkaður er 3+ er talinn skaðlaus en gæti verið of flókinn fyrir 3 ára börn. Í verzlunum með tölvuleiki eiga að vera veggspjöld með þýðingu merkinganna.

Góð ráð varðandi tölvuleikjanotkun:

- Tölvur og tölvuleikir mega ekki taka tíma frá námi.
- Mikil tölvu- og tölvuleikjanotkun getur breytt samskiptamynstri við vini og fjölskyldu. Minni félagsamskipti samfara auknum tíma sem verið er í tölvuleiki getur verið vísbending um að setja þurfi ný viðmið.
- Fylgist með hvaða tölvuleiki börnin eru að spila og hvort þau eru í samskiptum við einhverja aðra ókunnuga í gegn um leikinn.



Í efninu er ofbeldi.



Í efninu er lítt orðbragð.



Efnið er ógnvekjandi og getur valdið ótta hjá ungum börnum.



Í efninu er nekt og/ eða kynferðislegar tilvísanir.



Efnið hvetur til þátttöku eða kennir fjárhættuspil.



Efnið vísar til eða sýnir notkun vímuefna.



Efnið dregur upp mynd af mismunun eða felur í sér efni sem getur hvatt til mismununar.



Hægt er að spila leikinn á netinu.

GREIN

Sigríður
Sigurjónsdóttir

MSc í sálfræði



„Foreldrar og aðrir í nánú umhverfi barna verða því að vera vel upplýst um eiginleika nettælingar til þess vernda þau“

Nettæling Ráð til foreldra

Internetið er stór hluti af daglegu lífi margra barna í dag með allar sínar jákvæðu og því miður neikvæðu hliðar. Netið hefur verið vinsælt þegar kemur að hinum ýmsu spjall- og samskiptasíðum á milli fólks, þar sem mögulegt er að spjalla saman, deila persónulegum upplýsingum, senda myndir og/eða myndbönd og margt fleira óháð staðsetningu og tíma. Því miður er fólk sem misnotar þessa samskipamiðla og nýtir þá til þess að ná til barna með það að markmiði að vera í kynferðislegu sambandi við það á netinu. Nettæling (Online grooming) er eitt form slíkrar hegðunar þar sem í flestum tilfellum er fyrst haft sambandið við barn í gegnum samskiptasíður þar sem viðkomandi getur unnið nafnlaust og/eða undir fölskum persónuupplýsingum, og jafnvel verið í sambandi við mörg börn á sama tíma. Markmið nettælarans er að byggja upp traust tengsl, til þess eins að geta hvatt barnið í að vera þátttakandi í kynferðislegum athöfnum með sér á netinu, sem getur leitt til kynferðislegrar misnotkunar í raunveruleikanum.

Ræðum málin og hlustum

Foreldrar og aðrir í nánú umhverfi barna verða því að vera vel upplýst um eiginleika nettælingar til þess vernda þau og verið

vakandi fyrir mögulegum einkennum og áhrifum nettælingar á börnin okkar. Það er því nauðsynlegt að foreldrar kenni barninu sínu hvað er æskileg og óæskileg hegðun á netinu, að brýna fyrir börnunum okkar að samþykkja ekki fólk sem það þekkir ekki í raun sem vini, þar sem fólk gæti verið að ljúga um sjálf sig í gegnum netið. Það er einnig mikilvægt að vera á varðbergi fyrir óeðlilegum breytingum í viðhorfum og hegðun barna á netinu og í farsísum, t.d. ef þau fara að eyða skilaboðum og fela það sem þau gera á netinu.

Foreldrar þurfa einnig að gera sér grein fyrir að mikilvægustu upplýsingar um netnotkun barna er að spyrja þau sjálf einfaldlega spurninga um hegðun þeirra á netinu, hvað þeim finnst spennandi og gaman. Til að byggja upp traust barnsins til okkar foreldranna er mikilvægt að við hlustum á börnin okkar, veitum þeim athygli og bregðumst við á yfirvegaðan hátt ef þau segja okkur eitthvað sem okkur kannski líkar ekki, forðast að bregðast harkalega við þar sem þá fylgir sú hættu að við missum traust þeirra til okkar. Upplýsum sjálfa okkur með að sýna netnotkun þeirra áhuga og höldum okkur upplýstum um það sem internetið hefur upp á að bjóða.




Vodafone RED er komið til Íslands

Ótakmörkuð símtöl og SMS óháð kerfi
í alla farsíma og heimasíma á Íslandi

Skiptu yfir í Vodafone RED

Vodafone
Góð samskipti bæta lífið



Ótakmörkuð símtöl og SMS fyrir alla fjölskylduna



Ef einn í fjölskyldunni er í Vodafone RED geta aðrir fjölskyldumeðlimir fengið RED Family og upplifað allt sem RED hefur upp á að bjóða. **Allir fá ótakmörkuð símtöl og SMS í alla farsíma og heimasíma á Íslandi óháð kerfi og öll fjölskyldan nýtir gagnamagnið sem fylgir RED áskriftarleiðinni.**

Þannig getur fjölskyldan valið RED áskriftarleið með því gagnamagni sem fjölskyldan þarf í heildina og tengt númer allra fjölskyldumeðlima við hana.

Í RED Family velur þú milli þess að greiða hefðbundið verð fyrir símtöl til útlanda eða kaupa samskonar útlandamínútupakka og fánlegir eru í Vodafone RED.

2.990 kr. á mán. fyrir hvert RED Family númer.

Dæmi:

Erna vill fá stöðugan reikning þar sem hún þarf ekki að hafa áhyggjur af því hversu mikið hún hringir. Hún er með iPhone 4s sem hún notar til að fara á samfélagsmiðla og streyma tónlist þegar hún fer í göngutúra. Hún velur sér RED M.

Af því Erna er í Vodafone RED geta Einar maðurinn hennar, Jón, tvítugur sonur þeirra, og Sigríður, 15 ára dóttir þeirra, öll fengið RED Family og nýtt áskriftarleiðina hennar Ernu. Þau fá því öll ótakmörkuð símtöl og SMS og deila öll saman 2,5 GB.

Á heimilinu er ein spjaldtölva og einn nettengill sem Einar notar ef hann kemst ekki í netsamband á fundum. Þau fá sér tvö RED Data kort fyrir þessi tæki. Notkunin á þessum tækjum fer líka af 2,5 GB gagnamagninu sem er innifalið í áskriftarleiðinni hennar Ernu.


Vodafone
RED

Svona gerum við netnotkun barna öruggari

Til eru ýmsar aðferðir til að minnka líkur á að börn fái aðgang að óviðeigandi efni á netinu og koma í veg fyrir að netnotkun verði óhófleg. Á Vodafone.is/oryggi birtum við leiðbeiningamyndbönd á íslensku þar sem við kynnum nokkrar þessara aðferða og sýnum á einfaldan hátt hvernig þeim er beitt. Myndböndin eru eftirfarandi:

Notaðu öryggisstillingar YouTube

Með YouTube Safety Mode getur þú valið hvort loka eigi á efni sem gæti verið óviðeigandi fyrir börn á YouTube. Safety Mode kemur í veg fyrir að slíkt efni sjáist í leit á YouTube, í listum yfir tengd myndskaið, spilunarlistum eða annars staðar á þessum vinsæla myndskaiðavef.



Skoðaðu myndböndin á www.vodafone.is/oryggi

Örugg leit með Google Safe Search

Með því að nota Google Safe Search í stað hinnar hefðbundnu Google.com er tryggt að börnum er ekki vísað á óviðeigandi efni. Hægt er að gera Google Safe Search að heimasíðu vafrans, eða breyta stillingum Google þannig að leitarvélin birti einungis niðurstöður sem eru við hæfi barna.



Skoðaðu myndböndin á www.vodafone.is/oryggi

Windows 7 – búðu til aðgang fyrir barnið

Öryggisstillingar fyrir börn eru innbyggðar í Windows 7. Til að nýta þær þarf barnið fyrst að fá sérstakan notendareikning á stýrikerfinu. Hér sýnum við hvernig hann er búinn til.



Skoðaðu myndböndin á www.vodafone.is/oryggi

Windows 7 – settu reglur um tölvunotkun

Með foreldratölum Windows 7 má t.a.m. stýra hvenær sólarhringsins barnið má nota tölvuna, hvers konar tölvuleiki það megi spila og þar fram eftir götunum. Hér má finna upplýsingar um þessar stillingar.



Skoðaðu myndböndin á www.vodafone.is/oryggi

Mac OS X – aðgangur fyrir barnið

Öryggisstillingar fyrir börn eru innbyggðar í Mac OS X. Til að nýta þær þarf barnið fyrst að fá sérstakan notendareikning á stýrikerfinu. Hér sýnum við hvernig hann er búinn til.



Skoðaðu myndböndin á www.vodafone.is/oryggi

Mac OS X – settu reglur um tölvunotkun

Með foreldratölum Mac OS X stýrikerfisins má t.a.m. stýra hvenær sólarhringsins barnið má nota tölvuna, hvers konar forrit það megi nota og þar fram eftir götunum. Hér má finna upplýsingar um þessar stillingar.



Skoðaðu myndböndin á www.vodafone.is/oryggi

GREIN

Björn Rúnar Egilsson



Verkefnastjóri Heimilis og skóla og SAFT.

„Það helsta sem brennur á krökkunum er einelti á netinu og hversu illa fer fyrir mörgum ungum krökkum.“

Ungt fólk stuðlar að jákvæðri netnotkun

UNGMENNARÁÐ

SAFT

Ungmennaráð SAFT hefur verið starfrækt frá árinu 2009 og samanstendur af börnum og unglingum á aldrinum 12 til 18 ára sem koma alls staðar að af landinu. Allir sem eru í ráðinu hafa áhuga á netinu og öllum þeim möguleikum sem það hefur upp á að bjóða og geta unnið með öðrum í því að gera netið að öruggari stað fyrir okkur öll. Ungmennaráðið aðstoðar við uppfærslu á heimasíðu SAFT og samfélagssíðum verkefnisins, kemur að hugmyndavinnu í tengslum við útgáfu á fræðsluefni um netið og nýmiðla

og gefur sitt álit á því hvernig stuðla megi að jákvæðri og öruggri netnotkun meðal barna og ungmenna. Ungmennin eru einnig ráðgefandi um hönnun og framkvæmd fræðslu- og vitundarvakningarherferða, sinna jafningjafraeðslu og halda erindi á viðburðum á borð við Dag gegn einelti og á Alþjóðlega netöryggisdeginum.

Tækifæri til að hafa áhrif

Aðspurð segir Katrín Lilja (16) að hún hafi gengið í Ungmennaráðið af því hana

hafi langað til að fá tækifæri til þess að hafa áhrif á netið og taka þátt í skemmtilegu félagsstarfi: „Ungmennaráðið hefur áhrif, það kemur saman og segir hvað því finnst og ber það undir fullorðið fólk sem stjórnar og hefur áhrif. Við erum búin að semja alls konar jafningjafraeðsluefni, taka þátt í málstofum og þingum. Ég er búin að fara á marga staði og fullt af krökkum finnst þetta spennandi og flott framtak hjá okkur. Það helsta sem brennur

á krökkunum er einelti á netinu og hversu illa fer fyrir mörgum ungum krökkum.“

Alþjóðlegt samstarf

Meðlimir ungmennaráðsins taka einnig þátt í alþjóðlegu samstarfi og í fyrra heimsóttu fulltrúar þess jafn ólíka staði og Svíþjóð og Aserbaidsjan. Í ár stendur til að ungmennaráðið sendi fulltrúa ásamt meðfylgjandi foreldri á Safer Internet Forum sem haldið verður í Brussel í október og ber yfirskriftina Better Internet with You(th). Þar munu evrópsk ungmenni ásamt foreldrum þeirra, kennurum, rannsakendum, löggæslu- og stefnumótunaraðilum og sérfræðingum innan tæknigeirans leiða saman hesta sína og takast á við ýmsar áskoranir á borð við hvernig hægt sé að gera netið að jákvæðum stað þar sem hlúð er að frumkvæði og sköpun og hvernig hægt sé að ljá ungu fólki þá rafrænu og borgaralegu hæfni sem þarf til að gera netið að betri stað.





Hvar er barnið þitt á kvöldin?

„Oft er rætt um að viðmiðið sé að hætta tölvunotkun um tveimur tímum fyrir áætlaðan svefntíma.“

Myndir þú leyfa ólöggráða barni eða unglungi að spranga eftirlitlausum um götur bæjarins að næturlagi? Líklega ekki, því þá værir þú að bregðast skyldum þínum sem foreldri. En hvað um netið? Eitt sinn var rætt um mikilvægi þess að hafa heimilistölvuna í opnu rými þannig að hægt væri að fylgjast betur með netnotkun barna og unglinga. Nú er þetta liðin tíð þar sem tölvur eru orðnar mun hreyfanlegri fyrirbæri. Flestir símar eru líka litlar tölvur þar sem hægt er að tengjast netinu og vafra um. Spjaldtölvur og farsímar eru einnig mjög hreyfanleg tæki og því hægt að vera tengdur nánast öllum stundum ef vilji og nettinging eru fyrir hendi. Hvað er þá hægt að gera til að koma í veg fyrir of mikla netnotkun? Til dæmis seint um kvöld eða á nóttunni þegar börn þurfa að hvílast fyrir skólann og önnur verkefni morgundagsins? Svarið er einfalt. Setja reglur og framfylgja þeim.

Setjum rafrænan útvistartíma


Foreldrum er skylt samkvæmt lögum að virða útvistartíma barna og unglinga. Í barnaverndarlögum er kveðið á um útvistartíma barna. Þar kemur fram að börn 12 ára og yngri mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 20.00 nema í fylgd með fullorðnum. Börn á aldrinum 13 til 16 ára skulu ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22.00, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Á tímabilinu 1. maí til 1. september lengist útvistartími barna um tvær klukkustundir. Hví ekki að hafa einnig rafrænan útvistartíma? Vissulega er erfitt að festa hann í lög en foreldrar geta ákveðið hvaða mörk þeir vilja setja og einnig

getur verið gagnlegt að ræða þau mörk sín á milli þannig að foreldrar hafi stuðning hver af öðrum.

Heilbrigð mörk eru nauðsynleg

Færa má ýmis rök fyrir gagnsemi rafræns útvistartíma. Til dæmis þurfa börn góðan svefn og einnig getur lýsingin frá tölvuskjá skömmu fyrir háttatíma truflað nætursvefninn. Oft er rætt um að viðmiðið sé að hætta tölvunotkun um tveimur tímum fyrir áætlaðan svefntíma. Ef þetta er skýrt frá byrjun og reglurnar ræddar við börnin þegar þau fá tölvu eða snjallsíma verður

eftirleikurinn mun auðveldari. Í raun er ekkert til að þrasa um – foreldrarnir ráða þessu og bera hag barnsins fyrir brjósti. Börn þurfa góða hvíld og það er ekki nauðsynlegt að hanga á netinu meirihluta sólarhringsins. Annars er netið að mörgu leyti jákvætt og nýta má tæknina til góðra verka. En mikilvægt er að leiðbeina börnum og unglingum, ræða við þau um netið, upplifa netið saman og kenna þeim að setja sér heilbrigð mörk og viðmið. Foreldrar þurfa að minnsta kosti að vita hvar barnið þeirra er á kvöldin.



Við berum ábyrgð á því sem við segjum og gerum. Það á við um Netíð eins og allt annað. Þess vegna þurfum við að geta svarað fyrir allt sem við setjum þar inn.



Góð samskipti

Einn af frábærum kostum við netíð eru tækifærin til samskipta. Í dag getum við auk þess að senda bréf og böggla með hefðbundnum pósti haft ýmis samskipti í gegnum tölvur og farsíma. Hægt er að ræða málin í gegnum spjallforrit og á opnum spjallsíðum, senda tölvupósta og eiga samræðu í hljóð og mynd í gegnum samskiptamiðla.

Í daglegum samskiptum sendir fólk tölvupósta, skyndiskilaboð og SMS eða ræðir málin á Facebook. Eins og í öðrum samskiptum þarf fólk að gæta þess hvað það segir og bera virðingu fyrir samborgurum sínum. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar haft er í huga að það sem eitt sinn er farið á netíð er ekki hægt að taka tilbaka. Þó að maður fjarlægji fljótlega efni sem hefði betur aldrei farið á netíð er ekki hægt að treysta því að einhver annar hafi ekki hlaðið það niður eða tekið af því skjámynd.

Það er líka gott að hafa í huga að nokkur hluti samskipta tapast þegar þau eru bara skrifleg, því stór hluti þeirra á sér stað með líkamstjáníngu. Þess vegna getur merking tapast þegar bara er um skrifleg skilaboð að ræða, til dæmis getur hæðni, eða létt grín auðveldlega lesist sem argasti dónaskapur. Netorðin 5 eru til þess hugsuð að vera leiðarstef í daglegri netnotkun og veita okkur góðan grunn fyrir betri netmenningu.

1. Allt sem þú gerir á Netinu endurspeglar hver þú ert

Allt sem við gerum og segjum er endurspeglun á því hvernig við hugsum og hvað við sjáum í kring um okkur. Þó aðrir þekki okkur ekki vitum við alltaf sjálf hver við erum. Stundum veljum við að koma fram á Netinu undir dulnefni eða nafnlaust. Það getur stundum verið nauðsynlegt og stundum skemmtilegt, en við getum ekki verið nafnlaus eða undir dulnefni gagnvart okkur sjálfum. Þess vegna viljum við vera sátta við allt sem við gerum og geta litið í eigin barm án þess að líða illa.

2. Komdu fram við aðra eins og þú vilt láta koma fram við þig

Það er auðvelt að nota Netíð til að særa annað fólk. Ljót skrif eða myndbirtingar af öðrum eru ofbeldi gagnvart öðrum og geta valdið mikilli vanlíðan. Þær valda vanlíðan hjá þeim sem verður fyrir því og þær valda líka vanlíðan hjá þeim sem setur slíkt á Netíð. Mörgum líður illa og eru með samviskubít vegna þess að þeir hafa sært aðra. Þegar við setjum ljótt efni á Netíð um einhvern annan er það opið fyrir alla og það er aldrei hægt að taka það aftur. Hugsum okkur því vel um áður en

við segjum eitthvað eða setjum efni á Netíð sem getur sært eða meitt aðra manneskju. Komum fram við aðra eins og við viljum láta koma fram við okkur.

3. Ekki taka þátt í neinu sem þú veist ekki hvað er

Það er nauðsynlegt að vita alltaf hvað maður er að gera þegar maður tekur þátt í einhverju á Netinu. Það getur verið hættulegt að vera í samskiptum við fólk sem maður þekkir ekki nema í gegn um Netíð. Förum varlega þegar við gefum persónulegar upplýsingar um okkur á Netinu. Það getur valdið miklum vandræðum að setja upplýsingar um sig á Netíð ef maður veit ekki hver fær upplýsingarnar. Margir hafa fengið vírus sem skemmt hefur tölvuna eða eru í miklum vandræðum með ruslpóst vegna þess að þeir hafa skráð sig inn á vefsíður sem þeir þekkja ekki og vita ekki hverjir halda úti. Það er líka nauðsynlegt að athuga vel hvort hægt er að treysta upplýsingum sem fengnar eru af Netinu. Athugum hvaðan upplýsingarnar eru og hvort þær eru réttar áður en við notum þær.

4. Mundu að efni sem þú setur á Netíð er öllum opið, alltaf

Það er ekkert einkalíf til á Netinu. Allt sem sett er þar inn er opið fyrir alla, alltaf. Ef við viljum ekki

að allir sjái hvað við erum að segja eða gera skulum við ekki setja það á Netíð. Hver sem er getur skoðað bloggsíður og annað sem við setjum á Netíð og auðvelt er að finna vefsíður. Hver sem er getur líka náð í það efni sem við setjum á Netíð og vistað það hjá sér. Þess vegna þurfum við að hugsa okkur vel um áður en við setjum upplýsingar um okkur eða myndir af okkur eða öðrum á Netíð. Þó við tökum þær út af vefsíðunum okkar getur hver sem er náð í þær meðan þær eru inni.

5. Þú berð ábyrgð á því sem þú segir og gerir á Netinu

Við berum ábyrgð á því sem við segjum og gerum. Það á við um Netíð eins og allt annað. Þess vegna þurfum við að geta svarað fyrir allt sem við setjum þar inn. Hægt er að rekja tölvupóst og allar færslur sem settar eru inn á Netsíður. Það er ekki notaleg tilhugsun að þurfa að standa frammi fyrir foreldrum, skólastjórnendum, vinnuveitanda eða jafnvel lögreglunni og þurfa að svara fyrir eitthvað sem við hefðum ekki átt að setja á Netíð. Munum líka að lögin í landinu gilda líka um það sem fólk gerir á Netinu.

Námsefni SAFT

Leikskóli og yngsta stig grunnskóla

SAFT og Heimili og skóli hafa gefið út þrjár lestrarbækur fyrir yngsta stig grunnskóla. Höfundur bókana er Þórarinn Leifsson. Bækurnar eru gefnar út í samvinnu við Námsgagnastofnun, Reykjavíkurborg og mennta- og menningarmálaráðuneytið. Tilgangur bókana er að kynna netið fyrir yngstu notendum þess og leið fyrir foreldra og kennara til þess að fræða börnin um jákvæða og ábyrga netnotkun á einfaldan hátt. Í hverri bók eru leiðbeiningar fyrir foreldra og kennara um atriði er varða netöryggi barna og hvernig nálgast megi umræðuna um netið og góða netsiði. Í bókunum eru einnig spurningar til umhugsunar fyrir börnin.

Leikurinn

Leikurinn er saga um drenginn Sval sem leikur sér á netinu allar nætur. Eins og aðrir krakkar þarf hann einnig að læra heima, vakna á morgnana og fara í skólann. Einn daginn verður þetta honum ofviða. Bókin er ætluð nemendum í 2. og 3. gekk grunnskóla.

Hrekklous fer á netið

Í sögunni segir frá því þegar Samskiptaglöð, Netvörður og Svalur fara saman í

tölvuverið eftir skóla. Þar kynnr Samskiptaglöð nýja og óvænta hlið netsins fyrir Sval og Netvörð. Bókin er ætluð nemendum í 3. bekk grunnskóla.

Afmælisveislan

Í sögunni segir frá því þegar Samskiptaglöð, Netvörður og Svalur fara saman í tölvuverið eftir skóla. Þar kynnr Samskiptaglöð nýja og óvænta hlið netsins fyrir Sval og Netvörð. Bókin er ætluð nemendum í 3. bekk grunnskóla.

PAXEL123

Leikjavefurinn www.paxel123.com er ætlaður börnum á leik- og grunnskólaaldri. Börnum sem eru að stíga sín fyrstu skref í að vinna með orð og hugtök tengd móðurmáli og stærðfræði. Marmiðið með vefnum er að örva læsi í þessum tveimur greinum með örvandi leikjum í tölvunni. Leikirnir örva formskynjun, talnaskilning og rökhugsun. Einnig er hægt að finna stafarugl og rímleiki.

Miðstig grunnskóla

Rusleyjan

Rusleyjan er lestrarbók eftir Þórarinn Leifsson ætluð börnum í 5.-7. bekk grunnskóla. Í bókinni er sagt frá drengnum Axel sem er búinn að bíða lengi

eftir að fá snjallsíma. Hann verður ekki sáttur þegar pabbi hans segir honum að peningurinn sem hann ætlaði í símann hafi farið í ferðasjóð fjölskyldunnar sem hyggst reisa frínu á Rusleyju. Í sögunni er fjallað um ábyrga og jákvæða netnotkun og er lögð áhersla á rafrænt einelti. Einnig er komið inn á mikilvægi endurnýtingar og endurvinnslu. Með bókinni fylgir handrit og framkvæmdalýsing á jafningjafraeðslu- og spunaleikverkinu Heimkoman, eftir Rannveigu Þorkelsdóttur, leiklistarkennara. Leikritið er ætlað til uppsetningar af leiklistarhópum skóla.

Elsta stig grunnskóla

Sjálfspróf – Fáðu já

Í tengslum við stuttmyndina „Fáðu já!“ hefur SAFT gefið út þrjú sjálfspróf er snerta viðfangsefni myndarinnar. Eitt prófið fjallar um netið og mikilvægi þess að horfa gagnrýnum augum á birtingarmyndir kynjanna þar. Annað prófið fjallar um klám og mikilvægi þess að það endurspeglar ekki kynlíf eins og það er í raunveruleikanum. Klám getur verið ofbeldisefni og hverjum smelli fylgi ábyrgð. Þriðja og síðasta prófið fjallar um kynlíf og mikilvægi þess

að fá já, en samþykki er grundvallaratriði í kynlífi. Þar er einnig fjallað um getnaðarvarnir og tilfinningatengsl. Sjálfsprófin eru ætluð unglingum á elsta stigi grunnskóla og eru aðgengileg á vefnum faduja.is



Það þarf þjóð til að vernda barn - líka á netinu

Samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og öðrum íslenskum lögum eiga börn rétt á vernd gegn hvers kyns ofbeldi; líkamlegu, andlegu og kynferðislegu sem og gegn vanrækslu. Á netinu hefur aukist mjög efni þar sem börn eru sýnd á kynferðislegan hátt, eru beitt kynferðisofbeldi. Framleiðsla, varsla, dreifing og skoðun á slíku efni er ólögleg. Mjög mikilvægt er að stemma stigu við slíku efni, uppræta það, finna þolendur og koma þeim til hjálpar. Alþjóðlegt samstarf er ein forsenda þess.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa frá árinu 2001 tekið þátt í alþjóðlegu verkefni um vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi á netinu. Verkefnið hefur verið styrkt af Safer Internet Action Plan, samstarfsáætlun Evrópusambandsins. Markmið verkefnisins er að vekja athygli almennings, lögreglu, löggjafans, netþjónustuaðila, barnaverndaryfirvalda og fleiri aðila á þætti netsins í kynferðislegu ofbeldi gegn börnum. Jafnframt að þrýsta á íslensk stjórnvöld um að axla ábyrgð í þessum málaflokki hérlandis og á alþjóðavettvangi. Á vef samtakanna, barnaheill.is, er

ábendingahnappur þar sem hægt er að tilkynna um ólöglegt og/eða óviðeigandi efni á neti. Þar er einnig hægt að tilkynna um mansal á börnum, klámefni sem er aðgengilegt börnum, um rafrænt einelti, um fullorðna sem misnota börn á ferðum sínum erlendis o.fl. Ábendingarnar fara til skoðunar og rannsóknar hjá lögreglu. Lögreglan rekur slóðir vefsíðanna og finnur hvar þær eru vistaðar og sér til þess að síðunum sé lokað. Myndirnar geta verið á fleiri vefsíðum og því er mikilvægt að reynt sé að uppræta þær, finna fórnarlömbin og koma þeim til hjálpar.

Frá árinu 2001, hafa Barnaheillum - Save the Children á Íslandi borist ríflega 4000 ábendingar í gegnum ábendingahnappinn. Stærstur hluti ábendinganna, eða um 34% þeirra er um vefsíður með efni þar sem börn sem eru sýnd á kynferðislegan hátt, en slíkt er kynferðisofbeldi gegn börnunum. Framan af var lítið um ábendingar um vefsíður, sem voru vistaðar á Íslandi, en á undanförunum árum hefur þeim fjölgað. Um er að ræða íslenskar vefsíður með kynferðislegu myndefni eða tali um íslensk börn og unglinga. Einnig hefur ábendingum um efni á samfélagsmiðlum

fjölgað. Barnaheill hafa síðastliðin ár beitt sér fyrir því að komið verði á síun á landsvísu á ólöglegu efni á netinu, þ.e. að lokað verði á aðgang að slíku efni hérlandis. Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru í alþjóðasamtökunum INHOPE, regnhlífasamtökum ábendingalína. Í samtökunum eru um 40 ábendingalínur, flestar í Evrópu en einnig öllum í Ameríku, Afríku og Asíu. Starf INHOPE samtakanna felst í að efla þekkingu og deila reynslu um málefnið og veita aðildarfélögum stuðning í baráttunni. Sérhver ábendingalína er í samstarfi við lögreglu og netþjónustuaðila í hverju landi og eru allar tölulegar upplýsingar skráðar í gagnagrunn INHOPE. Þannig er hægt að fylgjast með fjölda ábendinga og hvernig miðar í baráttunni. Fjöldi ábendinga til INHOPE samtakanna eykst ár frá ári. Árið 2012 voru meira en 1.000.000 ábendingar um ólöglegt efni skráðar í gagnagrunninn.

Þrátt fyrir öfluga starfsemi til að vernda börn gegn ofbeldi á netinu og við að uppræta efni sem þangað ratar, er við ramma reip að draga. Tækniinni fleygir stöðugt fram og þeir sem hafa í hyggju að beita börn ofbeldi og nota netið sem verkfæri til þess, reyna alltaf að finna leiðir til ódæðisverkanna og til að fela slóð sína. Enn er mjög erfitt er að uppræta það efni sem einu sinni er komið á netið. Eina örugga leiðin enn sem komið er, er því að koma í veg fyrir að ofbeldið eigi sér stað. Það er gert með öflugri fræðslu og forvörnum. Það er gert með því að styrkja þær stöðir samfélagsins sem vinna með börnum og foreldrum þeirra. Munum samt að það barn sem beitt er ofbeldi á neti ber þó enga ábyrgð á ofbeldinu, ábyrgðin er alltaf ofbeldismannsins. Kynferðislegt tal við börn, myndataka og myndbirting sem sýnir barn á kynferðislegan hátt er ofbeldi gegn barninu. Því er mikilvægt að allir séu meðvitaðir um að öll börn eiga rétt á vernd gegn slíku. Það þarf þjóð til að vernda barn.



Hjálparsími Rauða krossins og um SAFT

Hjálparsími Rauða krossins

Hjálparsíminn er landsverkefni allra deilda Rauða krossins og er hluti af SAFT verkefninu. Einkunnarorð 1717 eru hlutleysi, skilningur, nafnleysi og trúnaður. Hjálparsíminn er opinn allan sólarhringinn fyrir þá sem vilja ræða sín hjartans mál í trúnaði og nafnleysi við hlutlausan aðila í gegnum netið eða í síma. Hægt er að fá beint samband við ráðgjafa Hjálparsíma Rauða Krossins í síma 1717 eða á netinu, 1717.is. Númerið er gjaldfrjálst úr öllum sísum (líka þegar inneignin er búin) og það birtist ekki á símareikningnum að hringt hafi verið í 1717. Um 100 sjálfboðaliðar Rauða krossins starfa við Hjálparsímamann.

Oft á tíðum getur þótt erfitt að ræða ýmis mál í fyrsta skipti en hjálparsími Rauða krossins er mikilvægt verkfæri til að aðstoða börn og foreldra í því að takast á við skaðlegt efni og særandi samskipti á netinu. Með hjálparsímanum gefst fólk kostur á að ræða við hlutlausan aðila og er Hjálparsímanum ekkert óviðkomandi. Einnig er þar hægt að tilkynna ólöglegt og óviðeigandi efni.

Haustið 2012 stóð Hjálparsími Rauða Krossins fyrir átaki undir yfirskriftinni „Ég er ekki með unglíngaveiki – mér bara líður illa“. Í kjölfar átaksins fjölgaði símtölum ungs fólks til Hjálparsímans um tæplega 60% og hefur fjöldi símtala frá þessum aldurshópi haldist nokkuð stöðugur til dagsins í dag. Með átaksvikunni vildi Hjálparsíminn vekja athygli ungs fólks á því að stuðningur í nánasta umhverfi skiptir miklu máli fyrir góða geðheilsu. Vanlíðan er aldrei léttvæg; það að hafa einhvern til að tala við um líðan sína skiptir miklu máli, hvort sem það er einhver í okkar nánasta umhverfi eins og foreldrar, systkini og vinir eða kennarar, námsráðgjafar og

skólahjúkrunarfræðingar. Oft getur þó verið erfitt að ræða sumt við ofantalda aðila. Þá getur verið góð lausn að tala við Hjálparsímamann 1717 þar sem hægt er að ræða við hlutlausan í trúnaði.

Um SAFT

SAFT – Samfélag, fjölskylda og tækni, er vakningarátak um örugga og jákvæða tölvu- og nýmiðlanotkun barna og unglínginga á Íslandi. Verkefnið er hluti af aðgerðaáætlun Evrópusambandsins um öruggari netnotkun og er styrkt af framkvæmdastjórn ESB. Samningsaðili við ESB er Heimili og skóli – landsamtök foreldra, sem sér um að annast útfærslu og framkvæmd verkefnisins í formlegu samstarfi við Rauða krossinn, Ríkislögreglustjóra og Barnaheill – Save the Children Iceland.

SAFT er í samstarfi við önnur lönd í Evrópu og deilir með þeim upplýsingum, aðferðafræði og þekkingu. Markmiðið er að til verði sameiginlegur evrópskur sjóður þekkingar og aðferðafræði á þessu sviði sem styður hið jákvæða og spornar gegn neikvæðum hliðum upplýsingatækninnar. Samstarfsnet þjóðanna sem þátt taka í verkefninu ber heitið Insafe. Á Alþjóðlega netöryggisdaginn 8. febrúar 2005 var opnuð vefgáttin www.saferinternet.org. Þar eru upplýsingar um þátttökuþjóðirnar í verkefninu og þau verkefni sem verið er að vinna í hverju landi. Meðal verkefna SAFT er að hanna og framkvæma markvisst vakningarátak um örugga og ábyrga notkun á Netinu og tengdum miðlum. Einnig að efla vitund um hvernig hægt er að njóta Netsins og nýrra miðla á öruggan, jákvæðan, skemmtilegan og fræðandi hátt.



Helstu leiðir verkefnisins að markmiðinu eru

- Dreifing kennsluefnis í grunnskóla og viðbætur við það sem fyrir er á vefsíðu verkefnisins.
- Markvisst fræðslu- og upplýsingaáttak fyrir foreldra svo þeir verði betur í stakk búinir til að fræða börn sín og njóta Netsins og nýrra miðla með þeim.
- Fræðsla meðal unglínginga, m.a. með jafningjafraeðslu
- Víðtækt samstarf – samræmt áttak á landsvísi við aðila innan stjórnsýslunnar, þá sem koma að menntun og tómstundastarfi barna og unglínginga, netþjónustuaðila, forvarnaaðila, foreldra, fjölmiðla og börn og unglínginga.
- Söfnun og dreifing upplýsinga, t.d. um notkun tölvuleikja meðal barna, um hvort munur er á notkun kynjanna á Netinu og nýjum miðlum og um mismunandi notkun þessara miðla í eldri og yngri hópum barna.

Enn meiri þjónusta í Vodafone Sjónvarpi



Öryggið í fyrirrúmi

Með einföldum hætti getur þú tryggt að börnin þín sjái eingöngu efni við hæfi í Vodafone sjónvarpi. Hægt er að læsa völdum hlutum eða öllu efni Leigunnar með lykilorði að eigin vali.



Svona stillirðu læsinguna:

1. Ýttu á Menu-hnappinn á fjarstýringunni til að opna sjónvarpsviðmótið.
2. Ýttu aftur á Menu til að komast í aðalvalmyndina, notaðu örvahnappinn til að velja „Stillingar“ og ýttu á „OK“.
3. Flettu niður valmyndina að „Læsingar“ og ýttu á „OK“.
4. Í valmyndinni sem opnast stillir þú læsingarnar. Efst í valmöguleikum getur þú breytt sjálfgefna lykilorðinu sem er 1234. Ef þú vilt breyta lykilorðinu þarftu að slá inn núverandi lykilorð og síðan slærðu inn nýja lykilorðið tvisvar.

Í næsta valmöguleika skiptir þú milli þess að kveikja á læsingunni eða slökkva á henni. Þar eru 9 mismunandi læsingaflokkar. Hægt er er að læsa á efni eftir aldri barnsins (bannað innan 7, 10, 12, 14, 16 og 18 ára). Einnig er hægt að leyfa eingöngu leigu á efni sem kostar 0 kr.

Neðst er síðan hægt að velja hvort læst sé á erótískar sjónvarpsstöðvar með lykilorði eða ekki.

Eftir að læsingaflokkar eru virkjaðir er alltaf spurt um lykilorð ef umboðið efni fellur innan læsingar, sem tryggir örugga notkun barna á Leigunni.



Tímaflakk

Flakkaðu um sjónvarpsdagskrána og spilaðu þættina þegar þér hentar í allt að sólahring eftir útsendingu. Þú getur hafið Tímaflakk meðan atburður er enn í sýningu, spólað fram og til baka og sett á pásu.



Leigan

Fáðu aðgang að þúsundum kvikmynda, þátta og frelsisefni sjónvarpsstöðvanna í nokkrar vikur eftir útsendingu.



Háskerpa

Horfðu á fjölmargar íslenskar og erlendar sjónvarpsstöðvar í frábærum háskerpugæðum og pantaðu háskerpumyndir og þætti í Leigunni.



Áminningar

Láttu sjónvarpsviðmótið minna þig á dagskrárliði sem þú vilt ekki missa af.



Aukamyndlyklar

Hafðu allt að sjö myndlykla á heimilinu svo allir geti horft á sína stöð. Einn loftnetslykill fæst án endurgjalds með sjónvarpi um nettengingu.



Yfir 140 stöðvar

Fáðu aðgang að öllum sjónvarpsstöðvum sem sendar eru út á Íslandi – yfir 140 stöðvum alls.



VÆNTANLEGT sjónvarpið í snjalltækin

Innan nokkurra mánaða munu áskrifendur Vodafone Sjónvarps geta fengið sjónvarpsútsendingar og Leiguna í spjaldtölvur og snjallsíma.

Móttaka um ASDL, ljósnet eða ljósleiðara

Háskerpu-myndlykill

- Yfir 140 stöðvar
- Leigan
- Tímaflakk
- Háskerpa

1.280 kr.

Myndlykill

- Yfir 140 stöðvar
- Leigan

790 kr.

Digital Ísland með örbylgju loftneti eða greiðu

Nýr háskerpu-myndlykill


- Yfir 70 stöðvar á örbylgju
- Virkar á öllum dreifikerfum í lofti
- Upptökumöguleiki í boði

1.080 kr.

Myndlykill eða sjónvarpskort

- Yfir 70 stöðvar á örbylgju
- Færri stöðvar með móttöku um UHF loftnet

690 kr.



SAFT – Samfélag, fjölskylda og tækni, er vakningarátak um örugga og jákvæða tölvu- og nýmiðlanotkun barna og unglunga á Íslandi. Verkefnið er hluti af Safer Internet Programme, aðgerðaáætlun Evrópusambandsins um öruggari netnotkun og er styrkt af framkvæmdastjórn ESB. Samningsaðili við ESB er Heimili og skóli - landsamtök foreldra sem sér um að annast útfærslu og framkvæmd verkefnisins í formlegu samstarfi við Rauða krossinn, Ríkislögreglustjóra og Barnaheill - Save the Children Iceland.

Verkátætlun SAFT er skipt í fjórar megináðgerðir:

- Vernd barna gegn ólöglegu og meiðandi efni á netinu.
- Áðgerðir gegn óæskilegu og meiðandi efni á netinu.
- Hvatning til öruggara netumhverfis.
- Vakningarátak um jákvæða og örugga netnotkun.

Með því að smella á ábendingahnappinn, getur almenningur tilkynnt um:



- Efni þar sem börn eru sýnd á kynferðislegan hátt, beitt kynferðislegu ofbeldi, eða þegar um mansal á börnum er að ræða
- Klámefni eða ofbeldisefni sem er aðgengilegt börnum
- Einelti á netinu
- Meiðyrði, hótanir eða haturstal um ákveðna hópa

Allar ábendingar um ólöglegt efni fara til embættis Ríkislögreglustjóra, þar sem þær eru rannsakaðar og gripið til viðeigandi aðgerða. Þá fara ábendingar um óviðeigandi efni til netþjónustuaðila til skoðunar. Ábendingahnappinn má finna á heimasíðu Barnaheill - Save the Children Iceland, barnaheill.is.

